

# Knattspyrnudeild Breiðabliks

---

## Ársreikningur 2022

---

Knattspyrnudeild Breiðabliks  
Kt. 410284-1389-2659  
Dalsmára 5  
201 Kópavogur

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4-5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9-11

## Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalsstarfssemi Knattspyrnudeildar Breiðabliks snýr að rekstri meistaraflokka karla og kvenna ásamt öflugunglinga og afreksstarfi.

Hagnaður Knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu 2022 nam kr. 157.132.321. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 353.988.280 og bókfært eigið fé í árslok 2022 er kr. 233.790.569. Eiginfjárlutfall félagsins er 66%.

Á árinu fékk knattspyrnudeild höfðinglega gjöf, en við andlát Guðmundar Óskarssonar arfleiddi hann deildina að stórum hluta eigna sinna. Það voru um 200 milljónir sem komu í hlut deildarinnar og skv. ákvörðun stjórnar þá var það sett í sjóð sem verður notaður til góðra verka en allar úthlutanir úr sjóðnum þarf að bera undir stjórn. Haldið er utan um sjóðinn á sérstökum eiginfjárreikningi eins og sjá má í skýringu 6.

Stjórn Knattspyrnudeildar Breiðabliks vísar í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra Breiðabliks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóri Breiðabliks staðfesta hér með ársreikning félagsins 2022 með undirritun sinni.

Kópavogi 20. febrúar 2023

### Stjórn

Flosi Eiríksson - formaður  
(rafræn undirritun)

Birna Hlín Káradóttir - Varformaður  
(rafræn undirritun)

Halldór Arnarsson - gjaldkeri  
(rafræn undirritun)

Erna Björk Sigurðardóttir - ritari  
(rafræn undirritun)

Bjarni Bergsson - formaður mflr. Karla  
(rafræn undirritun)

Hekla Pálmadóttir - formaður mflr. Kvenna  
(rafræn undirritun)

Jóhann Þór Jónsson - formaður unglíngaráðs  
(rafræn undirritun)

### Framkvæmdastjóri

Eysteinn Pétur Lárusson  
(rafræn undirritun)

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Knattspyrnudeildar Breiðabliks

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ungmennafélaginu Breiðabliki í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Rekstrarhæfi

Við getum staðfest álit stjórnar Knattspyrnudeildarinnar á rekstrarhæfi enda er eigið fé jákvætt, afkoma ársins 2022 er jákvæð og sjóðsstaða góð.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildarinnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
  - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
  - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
  - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík 20. febrúar 2023

### Endurskoðun VSK ehf

Svavar G. Stefánsson  
endurskoðandi

(rafræn undirritun)

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög og styrkir .....		294.791.529	89.804.310
Tekjur af mótum .....		259.148.759	278.606.486
Æfingagjöld .....		149.376.740	138.495.717
Félagsskiptatekjur .....		116.610.033	70.394.764
Aðrar tekjur .....		82.454.919	96.028.986
		<u>902.381.980</u>	<u>673.330.263</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Þjálfun, leikmenn og yfirstjórn .....		531.391.664	421.888.591
Búningar og íþróttahöld .....		5.684.353	6.345.320
Þátttaka í mótum .....		136.870.224	140.017.806
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		23.950.592	24.120.822
Annar rekstarkostnaður .....		47.865.817	32.908.284
Afskriftir .....	3	496.130	496.130
		<u>746.258.780</u>	<u>625.776.953</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		156.123.200	47.553.310
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur .....		2.478.959	33.340
Fjármagnsgjöld .....		(654.503)	(146.841)
Gengismunur .....		(815.335)	(915.604)
		<u>1.009.121</u>	<u>(1.029.105)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>157.132.321</u>	<u>46.524.205</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhöld og tæki .....	3	10.210.658	2.487.595
Leikmenn .....		<u>35.636.937</u>	<u>22.533.334</u>
		45.847.595	25.020.929
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa á Aðalstjórn .....		4.555.456	24.340.675
Viðskiptakröfur .....	5	83.974.279	26.520.407
Verðbréfaeign .....	4	178.367.007	0
Handbært fé .....	5	<u>41.243.943</u>	<u>102.960.954</u>
		308.140.685	153.822.036
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>353.988.280</u></u>	<u><u>178.842.965</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	6	27.806.136	73.175.802
Uppfærðir leikmannasamningar .....		2.000.000	1.482.446
Styrktarsjóður GÓ .....		<u>203.984.433</u>	<u>0</u>
		233.790.569	74.658.248
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	7	67.916.957	40.398.812
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		44.000.000	58.000.000
Aðrar skammtímaskuldir .....	7	<u>8.280.754</u>	<u>5.785.905</u>
		120.197.711	104.184.717
<b>Skuldir samtals</b>		120.197.711	104.184.717
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>353.988.280</u></u>	<u><u>178.842.965</u></u>

## Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)			
Hagnaður ársins .....		157.132.321	46.524.205
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	3	496.130	496.130
		<u>157.628.451</u>	<u>47.020.335</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur .....		(57.453.872)	(16.188.279)
Fyrirframmgreiddur kostnaður .....		0	
Aðrar skammtímakröfur .....		19.785.219	27.411.791
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>16.012.994</u>	<u>9.846.640</u>
		<u>(21.655.659)</u>	<u>21.070.152</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		135.972.792	68.090.487
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Félagsskipti leikmanna .....		(11.103.603)	(4.184.221)
Fjárfesti í fastafjármunum .....		(8.219.193)	
Verðbréfaeign breyting .....		<u>(178.367.007)</u>	
		<u>(197.689.803)</u>	<u>(4.184.221)</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		(61.717.011)	63.906.266
Handbært fé í byrjun ársins .....		<u>102.960.954</u>	<u>39.054.688</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>41.243.943</u></u>	<u><u>102.960.954</u></u>



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Knattspyrnudeild Breiðabliks rekur meistaraflokka karla og kvenna ásamt öflugum unglunga og afreksstarfi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur knattspyrnudeildarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Greiðslur til umboðsmanna

Félagið greiddi 6.916.953 til umboðsmanna á árinu 2022.

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld og innr.	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	4.961.301	4.961.301
Eignfært á árinu .....	8.219.193	8.219.193
Staða í árslok .....	13.180.494	13.180.494
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	2.473.706	2.473.706
Afskrift ársins .....	496.130	496.130
Staða í árslok .....	2.969.836	2.969.836
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.487.595	2.487.595
Bókfært verð í árslok .....	10.210.658	10.210.658
Afskriftarhlutföll .....	20%	

## Skýringar

### 4. Verðbréfaeign

	2022	2021
Staða í ársbyrjun .....	0	0
Keypt á árinu .....	176.364.216	0
Verðbreytingar .....	2.002.791	0
	<u>178.367.007</u>	<u>0</u>

### 5. Aðrar peningalegar eignir

#### Viðskiptakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Innlendar viðskiptakröfur .....	53.806.427	26.585.732
Erlendar viðskiptakröfur .....	36.428.379	5.192.667
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	<u>(6.260.527)</u>	<u>(5.257.992)</u>
	<u>83.974.279</u>	<u>26.520.407</u>

#### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2022	31.12.2021
Bankareikningar í íslenskum krónum .....	40.665.657	93.438.308
Bankareikningar í erlendri mynt .....	578.286	9.522.646
	<u>41.243.943</u>	<u>102.960.954</u>

### 6. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmanna samningar	Styrktarsjóður GÓ	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	26.651.597		0	26.651.597
Uppfærsla leikmannasamninga .....		1.482.446		1.482.446
Hagnaður/(tap) ársins .....	<u>46.524.205</u>			<u>46.524.205</u>
Flutt á eigið fé .....	1.482.446	(1.482.446)	0	0
Eigið fé 1.1.2022 .....	74.658.248	0	0	74.658.248
Uppfærsla leikmannasamninga .....		2.000.000		2.000.000
Hagnaður/(tap) ársins .....	157.132.321			157.132.321
Breyting Styrktarsjóðs á árinu .....	<u>(203.984.433)</u>		203.984.433	0
Eigið fé í 31.12.2022 .....	<u>27.806.136</u>	<u>2.000.000</u>	<u>203.984.433</u>	<u>233.790.569</u>

Á árinu fékk Knattspyrnudeild arf og var ákveðið í stjórn að honum skyldi einungis ráðstafa til ákveðinna verkefna sem taka þyrfti fyrir í stjórn og samþykkingu. Þetta er því fært á sérstakan eiginfjárlykil þar sem ráðstöfun þessar fjármuna er háð þrengri skilyrðum en almennt er hjá deildinni. Hreyfingar sjóðsins og staða í árslok sundurliðast með eftirfarandi hætti:

#### Styrktarsjóður GÓ - Rekstur

	1.1-31.12.2022
Styrkur .....	206.364.217
Kostnaður verkefna 2022 .....	(4.462.430)
Ávöxtun .....	2.082.646
Breyting ársins.....	<u>203.984.433</u>

#### Styrktarsjóður GÓ - Eignir

	31.12.2022
Verðbréf.....	178.367.007
Bankareikningar.....	25.617.426
	<u>203.984.433</u>

## Skýringar

---

### 7. Aðrar peningalegar skuldir

#### Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	<u>67.916.957</u>	<u>40.398.812</u>
	<u>67.916.957</u>	<u>40.398.812</u>

#### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	7.690.366	5.368.745
Virðisaukaskattur .....	590.388	417.160
	<u>8.280.754</u>	<u>5.785.905</u>